<u>Jakob B. Bjarnason, Síðu</u>

“Vorboðinn”

Blað U.m.f. Vorboðinn
IV. ár. 4. tbl. 18. apríl 1919

# Vorboðinn

Útgefandi: U.M.F. „Vorboðinn". Ritstjóri: Helgi Björnsson
IV ár 18 April 1919. 4. tbl.

## „Vorboðinn"

Þegar jeg byrja þessar línur verður mjer litið að efstu línunni á þessu blaði, þar stendur orðið „Vorboðinn" og þá dettur mjer í hug. Er þetta orð að koma mjer vor? Já mjer finst það. En er það vor eftir okkar tímaskiftum? Nei. það er vor, sem táknar framlíð fjelagsins okkar, veturinn er aðeins á enda, sem er tímabilið, sem fjelagið átti örðugast uppdráttar og nú vona jeg að það tímabil sje á enda. Er nú ekki sjálfsagt að fara að búa sig undir vorverkin, fara að setja í lag áhöldin okkar og byrja á einhverju því verki, sem er hafandi uppskeru-tímanum okkar.

Mjer hefir nú dottið í hug það, sem stundum hefir verið rætt um á ungmennafjelagsfundunum hjá okkur, sem er framlíð fjelagsins. Hver einstaklingur hefir meiri eða minni framlíð fyrir höndum og eftir því glæsilegri

framtíð, sem hann er hæfari til að vinna í þarfir þjóðfjelagsins, og er þá ekki þetta fjelag einmitt eitt af þessum einstaklingum, sem hefir mikla framtíð fyrir höndum? Mjer finst ekki hægt að neita því, nema með því móti að það lifi í aðgjörðaleysi. Alt að þessum tíma hefir fjelagið ekki tekið neitt það verk, sem ekki hefir verið lokið við á stuttum tíma. Af þessari ástæðu að ekkert verkefni er nú fyrirliggjandi hjá fjelaginu mjer vitanlega, sem er í raun og veru framtíðarverkefni fyrir það og okkur, hefi jeg verið að hugsa um að koma með uppástungu um nýtt verkefni, sem mjer finst vera heppilegt verkefni fyrir fjelagið okkar, verkefnið er: Garðrækt.

Engum blandast hugur um að garðræktin sje nauðsynleg öllum, ekki síst bændum og búaliði, hvort sem þeir eru til sveita eða sjávar. Hvað landið okkar snertir er víða hægt að koma garðræktinni við og mikið víðar en gjört er og sem betur fer er nú komið á stað víða hjer í sveitinni með bæði kartöflurækt og gul- og fóðurrófnarækt, o. fl. o. fl., sem byrjað er á.

En eigum við ekki að vita hvort fjelagið okkar er svo frjósamt, að það geti borið ávöxt hjá okkur með því að það taki að sjer að koma á fót garðræktunarfjelagi innan sinna vjebanda.

Jeg vil láta mína skoðun í ljósi á þessu málefni: Nú eru nokkrir af fjelagsmeðlimum okkar landeigendur, mjer þætti því ekki óhugsandi að einhver þeirra væri til með að lána landspildu, undir þessum kringumstæðum.

1. Að fjelagið beitti sjer fyrir því að fá blett leigðan í 10. til 15. ár eða einhvern vissan tíma, og taki hann strax til notkunar, ljeti plægja hann og herfa, þar af leiðir að það yrði að girða hann á einhvern hátt.

Með garðstæðið hef jeg hugsað mjer það, að hafa það helst á þeim stað, sem deigur mór er í nánd við, því það sparaði áburð í garðinn, því í deigum mó eru frjóefni, sem eru nauðsynleg við matjurtarækt. Það mundi spara áburðarkaup, en sem eru þó ekki mikil á venjulegum tímum á hverja dagsláttu. Það mundi duga áburður á dagsláttu fyrir 25 til 40 krónur, til að byrja með, ef drjúgt væri með deigum mó.

Með girðingu kringum garðinn hef jeg hugsað þetta.

Að hlaða garð á norður og austurkant úr strengjum og hnausum, en að sunnan og vestan vírgirðingu, með 4 eða 5 strengjum eftir þörfum. En girðingarefnið og áburðurinn kostar peninga, sem þarf að svara úti, en að öðru leyti gætu fjelagsmenn sjálfir unnið að því að koma upp garðinum, án þess að þurfa að svara peningum tilfinnanlega úti, og þar með er fengið verk, sem er bæði framtíðarspursmál fyrir fjelagið sjálft og verk, sem er bæði fyrir karla og konur hentugt að vinna að.

Hefir okkur ekki líka vantað það verkefni í fjelagið, sem gæti verið jafnmikið áhugamál fyrir karlmenn sem konur, og um leið jafn þægilegt fyrir karla og konur að vinna að því? Jú, þetta hefir mjer oft fundist vanta, og mjer er nær að halda að þetta sje ástæðan fyrir því að kvenfólkið hjer á fjelagssvæðinu okkar, sem stundum hefir verið með í þessum fjelagsskap okkar, en er nú farið úr fjelaginu, hafi ekki viljað vera í þessu fjelagi af því að því hefir þótt málefnin, sem við höfum haft með höndum, fara bæði fyrir ofan og neðan garð hjá sjer.

Er því ekki mikið fengið, ef við gætum tekið þetta málefni á dagskrá, sem mundi efla fjelagsheildina og auka meðlimatöluna og um leið gróðursetja þessa plöntu í fjelaginu, sem enginn veit hvað gömul getur orðið, en allir vita að hún yrði á þroskastigi okkar æfiár, þó við yrðum 100 ára gamlir eða meir. Ef við tækjum nú þetta málefni á dagskrá hjá okkur eða eitthvert það málefni, sem á langan aldur fyrir höndum, og getur verið bæði í fjárhagslegu tilliti og vinnulegu, hentugt fyrir okkur, þá finst mjer, jeg í anda, sjá hina fögru framtíðarsól kasta sínum fyrstu geislum á ungmennafjelagið „Vorboðinn", þá finst mjer vera að koma vor framkvæmdanna í fyrsta sinn til fjelagsins okkar, og þá hefir „Vorboðinn" komist á rjetta hillu og þá mun júnísólin skína fyrst með virkilegum og góðum árangri á verk vor, og geislakast júnísólarinnar ljóma í sinni dýrð.

Jeg lít á fjelagslitla líf
og lít þar ekkert sje.
En framundan því brosir blíð
blómskreytt fjallahlíð.

Héðan jeg sá hreint sje þar búinn,
sívinnandi flokk einn lítinn.
Það eru fjelagar „Vorboðans" vinnandi,
vakandi í framför, að landinu hlynnandi.

Helgi Björnsson

## Brjef

frá gömlum vini, sem jeg vil sýna örlítinn póst úr.

Kæri vinur!

Þökk fyrir alt gamalt og gott, en ekki síst fyrir þitt góða brjef með síðustu ferð hingað.

Margt hefir á dagana drifið, síðan þú fórst, hjer er nóg glaðvært og mjer finst nóg um stundum, hjer vantar mann fátt, sem augað girnist að sjá, en hjer sjer maður líka margt, sem maður vill helst aldrei hafa sjeð eða heyrt.

Jeg verð eitthvað að segja þjer af mjer, því annars býst jeg við að þjer þyki brjefið lítils virði.

Nú er jeg genginn í Dýraverndunarfjelagið, og líkar mjer mjög vel fyrirkomulag fjelagsins, en syrgi það mest að jeg skyldi ekki fara í það strax þegar það var stofnað.

Viltu nú ekki gangast fyrir því í þinni sveit að Dýraverndunarfjelag verði stofnað? En þar glímir þú við ofurefli, ef þú tekur það að þjer, því einmitt var það í þinni sveit, sem jeg sá þá sjón, sem jeg lýsi í meðlögðum erindum. Fyrirsögnin er:

### Saklaus og sekur.

1. Þá bitra hríð, er bylur á húsum
og breiðir á foldina mjallhvítt teppi
En út jeg fór með fúsum vilja
fengi jeg bjargað aumingjunum
2. Úti liggja um holtin og hæðir
horaðir fuglar, stórir og smáir,
af kulda úr lánum kríu jeg blæði
mjer tekst ekki að bjarga neinum þeirra.
3. Aumt er að vera úti núna
og ekkert skjól hjá sjer hafa
utan steininn, klett eða klungur
krappa laut eða sljettan flóa.

4. En svona mega hundruð hinna
húsnæðislausir smáfuglanir.
Björg þá vantar í búkinn rýra,
bágt er að vita afið þeirra.

5. Morgungöngu gekk jeg eina
-að gamni mínu - á vetrardegi,
upp um háls með hamarsbungu
hugsaði jeg mjer stund að eyða.

6. Jeg settist niður, sár í huga
sagði fátt en hugsaði fleira.
Því við minar fætur fann jeg
fuglalappir skotnar burtu.

7. Aðeins eftir stutta stundu
stóra fjekk jeg þó að líta:
Í þriggja fótna fóti burtu
flögra sá jeg rjúpu eina.

8. Jeg gekk til hennar, hún gat ei flúið
og grúfði sig þar undir barði.
Brotnir hennar vængir voru
vænginn líka sundurrifinn.

9. Fuglsmorðingjans var það vinna
að veita þessu dýri sárin.
Á svipinn var hann sæll og blíður
því sjálfur leið hann engar kvalir.

10. Samviska hans var svipuð líka
sjálfsagt hrein og blettur hvergi.
En sjálfur átti hann sár og kvalir
svipað að bera eins og rjúpan.

Með hvaða ráðum getum við varðveitt varnarlaus dýr frá þessum og öðrum eins kvölum? Er það með öðru móti heldur en stofna Dýraverndunarfjelag? Hvað gerum við, við mannæsku okkar þegar við ráðustum á saklaus og varnarlaus smádýr með elds- og kulna-hríð.

Helgi Björnsson.